

## Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi

Afhending 2019/82

Styrktarfélag vangefinna á Akureyri var stofnað 22. mars 1959. Jóhannes Óli Sæmundsson var kosinn fyrsti formaður félagsins en hann hafði verið einn af þeim sem höfðu unnið hvað ötullast að stofnun þess.

Fyrstu árin var helsta baráttumál félagsins stofnun vistheimilis fyrir fatlaða á Norðurlandi. Töluverðan tíma tók að ná því máli í gegn en það var ekki fyrr en 1970 sem Vistheimilið Sólborg tók til starfa. Þá hafði félagið staðið í stappi við bæjaryfirvöld, systurfélag sitt í Reykjavík, landlækni og dómsmálaráðuneytið í um 10 ár.

Árið 1970 var nafni félagsins breytt og hét það Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi uppfrá því. Félagið rak Vistheimilið Sólborg frá stofnun þess fram til ársins 1984 þegar Sólborg var afhent ríkinu til rekstrar.

Árið 1971 var stofnuð kvennadeild innan Styrktarfélags vangefinna á Norðurlandi sem starfaði til ársins 1982. Kvennadeildin hélt mánaðarlega fundi yfir vetrartímamann í nokkur ár áður en hún var lögð niður en eftir það fór stjórn félagsins að halda mánaðarlega fundi fyrir félagsmenn.

Félagið stóð að byggingu verndaðs vinnustaðar fyrir fatlaða að Hrísalundi 1b á árunum 1980 – 1981. Byggingin var afhent Sólborg til rekstrar en félagið sat uppi með miklar skuldir vegna framkvæmdarinnar. Árið eftir, 1982, óskaði stjórn Sólborgar eftir aðstoð félagsins við byggingu sundlaugar á Sólborg.

Árið 1996 var Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi lagt niður og allar eigur þess voru afhentar nýstofnuðu félagi sem hlaut nafnið Þroskahjálp á Norðurlandi eystra.

Afhendingin barst frá Bjarna Kristjánssyni. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 2003/45 og 2019/37.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
21. nóvember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir  
Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>C-Bókhald</b>			
C-Bókhald		1978 - 1979	
<b>Styrktarfélag vangefinna Norðurlandi</b>			<b>2019 / 82</b>
2019 - C/1	1	1978- 1979	Fylgiskjöl.
2019 - C/1	2	1978- 1979	Fylgiskjöl efnahagsreiknings 1979 s.s. varðandi íbúða í Borgarhlíð